



Starfsáætlun frístundar
Waldorfskólinn Sólstafir
2025-2026

Frístund Waldorfskólans Sólstafa

Boðið er upp á viðveru í frístund í 2 klst og 40 mín að jafnaði á dag. Hluti viðveru er að morgni frá kl 8:00 til 8:45. Viðvera er í boði eftir að skóla lýkur til kl 16:10. 1-2.bekkur byrjar frístund kl 14:00 og er því 45 mín. lengur en 3-4.bekkur.

Viðverutími í frístund hjá 1-2.bekk er 3 klst og 15 mínútur að jafnaði, 15,5 st. á viku

Viðverutími í frístund hjá 3-4.bekk er 2 klst. og 40 mín að jafnaði, 13,3 st. á viku

Boðið er uppá síðdegishressingu um kl 15 daglega, sem er brauð og álegg, ávextir og drykkur.

Viðvera í frístund er til húsa í einni kennslustofu á neðri hæð skólans (66 fm), miðrými á sömu hæð (60 fm) og einnig er viðveran úti að hausti og vori og oftast þegar veður leyfir.

Starf viðverunnar er leitt af kennarateymi skólans, auk deildarstjóra sérkennslu og starfsmenn eru skólaliðar og stuðningsaðilar sem einnig starfa með bekkjum yfir skóladaginn. Sex starfsmenn starfa í frístund skólaárið 2025-26. Fjórir starfsmanna eru í hlutastarfi. Starfsfólk er ekki ráðið sérstaklega í frístund en starfsmenn taka einnig að sér stuðning, frímínútnagæslu og önnur störf. Starfsfólk er því ekki sérmenntað í frístundafræðum en leitast er við að ráða starfsmenn til skólans sem hafa reynslu og þekkingu á frístundastarfi og Waldorf uppeldisfræði, hafa unnið æskulýðsstarf eða eru með félagsfræðimenntun. Sá sem leiðir starfið daglega í samstarfi við bekkjarkennara er með bakgrunn í handverki og smíði og hefur tekið tveggja ára nám í Waldorf kennslufræði. Aðrir starfsmenn í frístund eru með ýmsa menntun sem gagnast í starfi: listgreina og dansmenntun og sálfræði. Einn starfsmaður er fyrrverandi nemandi við skólann. Fjórir starfsmenn frístundar tóku endurmenntunarnámskeið í waldorffræðum í júní og ágúst á þessu ári.

Um 40 nemendur eru í frístund skólans skólaárið 2025-26.

Gæði og markmið í starfi

Í starfi viðveru skólans er horft til margra þátta sem eru leiðandi í skólastarfinu, eins og skapandi skólastarfs, útikennslu, frjáls leikjar og félagsþroska.

Í waldorfstefnunni segir um frjálsa leikinn: „Mikilvæga atriðið í sambandi við frjálsa leikinn er að í honum felast endalaus tækifæri fyrir barnið til að tjá sig, til að framkvæma, til að skilja, til að skapa, til að takast á við vanda, til að uppgötva, til að líkja eftir og síðan til að reyna allt aftur og þannig að þroskast. Í þessu felast ótal möguleikar til að þróa sambandið við sjálfan sig og umheiminn“.

Í leikskólaumhverfi waldorfstefnunnar er frjálsi leikurinn mikilvægt verkfæri starfsins. Í viðveru yngsta stigs grunnskólans er frjálsa leiknum leyft að virka áfram sem skapandi og jafnframt endurnærandi þætti í daglegu lífi skólabarnsins þar sem leikurinn býr til óteljandi möguleika til að skapa og tengja, hvíla í og skynja.

Í frístund skólans eru markmið starfsins að ýta undir félagsþroska með frjálsa leiknum, leikjahefð, leiddu hópastarfi, sköpun, hrynjanda og samvinnu, þar sem nemendur eru í virku lærdómsferli ásamt leiðbeinendum og starfsfólki að skapa saman.

Waldorfstefnan er með mikla útikennslu á yngsta stigi og er útivera því jafnframt stór þáttur í viðveru eftir að skóla lýkur og þá aðallega á forsendum frjáls leikjar.



Séu nemendur inni, er boðið upp á frjálsan leik, ýmislegt föndur og listræna vinnu og einnig er lesið saman og farið í leiki. Úti er einnig boðið upp á frjálsan leik, auk mismunandi smíðja í umhverfismennt, leikja og garðyrkju á vorin og haustin. Ýtt er undir samvinnu og vináttu barnanna og kærleiksrík og innihaldsrík samskipti milli starfsfólks og nemenda, sem stuðlar að öryggistilfinningu og slökun í lok skóladagsins. Starfsfólk viðveru býr til ársplan fyrir starfið í samvinnu við Waldorfkennara skólans.

Sumarfrístund skólans

Lagt var upp með nýja áætlun að sumarfrístund fyrir nemendur í 1-4.bekk skólans árið 2023. Sumarfrístundin væri tvær til þrjár vikur í júní og tvær vikur í ágúst. Markmið verkefnisins var að skapa vettvang fyrir yngsta stig skólans að geta sótt frístundastarf í skólanum sínum að sumri, þar sem unnið er með útinám og vettvangsferðir, leiki og sköpun.

Sumarfrístund var aftur í boði sumarið 2024 og þá frá 10.-24. júní og 6.–16. ágúst. Lítil þátttaka var og þar sem Reykjavíkurborg greiðir ekki frístundastyrk til skólans fyrir

sumarfrístund verður því miður ekki hægt að bjóða þessi sumarnámskeið nema breyting verði á.

Jafnrétti og virðing

Eins og í öllu starfi skólans er jafnréttisáætlun virk inni í starfi viðverunnar.

Í áætluninni segir: „Jafnrétti sem grunnþáttur felur í sér áherslur sem snúa að jafnréttisfræðslu og starfsháttum í skóla sem miða að virkri þátttöku nemenda, óháð kyni og öðrum þáttum, til að þeir fái tækifæri til að njóta hæfileika sinna og hæfni án allrar mismununar.“ (Jafnréttisáætlun Waldorfskólans bls 4)

Í starfi viðverunnar er leitast við að framfylgja jafnréttisáætlun í öllu starfi og að starfsfólk hennar sé meðvitað um orðræðu og ýti undir að nemendur rækti með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum, tilfinningum og gildum annarra og að þeir hugi að sinni eigin orðræðu.

Jafnt kynjahlutfall er haft er í huga þegar verið er að ráða starfsfólk viðverunnar eftir því sem hægt er.

Hrynjandi í starfinu

Í skólastarfi Waldorfskólans er hrynjandi sterkur þáttur í vinnu nemenda, sérstaklega á yngsta stigi. Þessi þáttur er meðvitað einnig tekinn inn í vinnu viðverunnar og er starfið mótað í ákveðið form sem fylgir ýmsum þáttum, árstíðum og dögum. Starfsfólk tekur þátt í að móta dagskrá frístundar í gegnum skólaárið á þennan hátt undir leiðsögn waldorfkennara. Hrynjandi felst til dæmis í uppbyggingu daglega starfsins, árstíðarrytma, hátíðum, listrænni vinnu og samveru eins og leikjum, sögum og lestri.



Vellíðan nemenda

Eins og í öllu starfi skólans er vellíðan nemenda mikilvæg í viðveru yngsta stigs. Lagt er upp með að andrúmsloft viðverunnar sé afslappað og hlýlegt og að nemendur nái að lenda í ró eftir vinnuna í skólastarfinu. Afar misjafnt er hvernig nemendur skapa sér tækifæri til að slaka á. Sumir leika allan tímann, aðrir vilja eiga rólegan tíma með starfsfólki.

Viðveran á þannig að vera á forsendum nemenda og starfsfólk leitast við að skapa aðstæður þar sem barnið finnur til öryggis og veit að hverju það gengur á hverjum degi, í takt við skólastefnuna og skólamenninguna.

Öryggisverkferlar

Mikilvægt er að starfsfólk frístundar sé meðvitað og þjálfað í þeim ferlum sem eru til staðar til að öryggi nemenda sé tryggt í frístundastarfinu. Þeir ferlar sem fylgt er séu undantekningarlaust til staðar og eru nýir starfsmenn upplýstir um þá er þeir hefja starfið.

1. Skráning

Nemendur sem koma í frístund eftir kennslu er fylgt af þeim kennara sem var með þau í síðasta tíma dagsins. Kennari upplýsir starfsmann sem tekur við hópnum hvort einhver sé farinn eða sé fjarverandi þann dag úr viðkomandi hóp.

Nemendur séu skráðir á vikulegan skráningarlista frístundar þegar þeir eru sóttir dag hvern. Listum sé haldið til haga yfir skólaárið. Foreldrum er skylt að láta starfsmann vita þegar barn er sótt úr frístund.

Starfsmenn hafi aðgang að umsóknarblöðum um skráningu í frístund þar sem fram kemur hver má sækja viðkomandi barn.

2. Sími frístundar

Frístund skólans er með símanúmer sem foreldrar geta hringt í ef með þarf.

Símanúmer frístundar er: **6263994**.

3. Sjúkrakassi

Sjúkrakassa er að finna inni í þurrkaðstöðu og geymslu á neðri hæð skólans, í aðstöðu sérkennslu á efri hæð, í smíðastofu skólans og í eldhúsi skólans.

Ennfremur er hver kennslustofa á neðri hæð með litla sjúkratösku sem er tekin með í vettvangsferðir. Starfsmenn frístundar kynna sér og þekkja staðsetningar sjúkrakassa.

4. Smávægileg slys og skrámur

Gera þarf að sárum með plástrum/ búnaði úr sjúkrakassa ef þurfa þykir. Umhyggja og hlýja er oft besta skyndihjálpin. Foreldrar séu látnir vita af óhappinu þegar barnið er sótt, símleiðis strax í kjölfar óhappsins ef starfsmaður telur þörf á því. Atvik sé skráð. EF barn dettur og rekur höfuð í sé undantekningalaust haft samband við foreldra og þeir látnir vita.

5. Alvarleg slys

Við alvarleg slys og áverka nýtir skólinn verkferla sem lýst er í handbók frístundaheimila ÍTR á blaðsíðu 25 með þeirri undantekningu að slysaskýrslu sé skilað til skólustjórnar á skrifstofu skólans. Nýjum starfsmönnum sé kynntur ferillinn á fundi á starfsdögum að hausti og sé ennfremur aðgengilegur sem verklýsing á sama stað og sjúkrakassar eru geymdir.

file:///C:/Users/Kennari/Desktop/fristundaheimili_starfsmannahandbok_2009.pdf

6. Ef barn týnist

Skólalóðir/útisvæði eru sjaldan girt og læst. Gott eftirlit með börnum á leiksvæðum og skýrar reglur minnka líkur á því að barn fari burt eða heim án leyfis. Ef barn týnist á miðjum degi ber starfsmönnum að leita þar til það finnst.

Leita skal að barninu á skólasvæðinu og í nánasta umhverfi.

Finnist barnið sé rætt við það um nauðsyn þess að láta fullorðinn vita hvar það ætlar að leika sér. Foreldrar upplýstir um málið í lok dags.

Ef barnið finnst ekki skal hafa samband við forráðamenn og þeir upplýstir um stöðuna.

Leit endurtekin í samráði við foreldra. Starfsmaður tekur þátt í leit að barni í nánasta umhverfi starfsstaðarins. Foreldrar beðnir um að athuga hvort barn hafi skilað sér heim. Aðilar upplýsa hvorn annan um framgang leitarinnar.

Ef barn finnst ekki þrátt fyrir leit skal hafa samband við lögreglu.

Mikilvægt er að vera skýr í samtali við lögreglu og gefa upp nákvæmar upplýsingar, s.s. hvaðan hringt er, hver hringir, hvers vegna og svo framvegis. Í sumum tilfellum tilkynna foreldrar sjálfir hvarf barns til lögreglu. Meta skal í hverju tilfelli fyrir sig hversu lengi starfsmaður tekur þátt í leitinni.

Ef það kemur ítrekað fyrir að barn týnist eða fer af skólalóð í frístund, verða foreldrar og bekkjarkennari/starfsmenn að ræða saman um leiðir til úrbóta.¹

Agastjórnun

Í starfi með börnum er mikilvægt að hafa skýran ramma, fáar en góðar reglur, sem tryggja öryggi og vellíðan barnanna. Jákvæður agi felst í því að hvetja barnið til athafna sem styrkja jákvæða sjálfsmynd og efla félagslega færni. Markmiðið er að forðast neikvæðan aga, sem byggist á boðum og bönnum, og efla jákvæðan aga sem er fyrirbyggjandi og stuðlar að bættum samskiptum.

Starfsfólk þarf að:

- Móta skýran ramma um innra starfið, s.s. með fáum en góðum reglum
- Hrósa barninu fyrir góða frammistöðu

¹ Handbók starfsmanna frístundaheimila ÍTR. 2009. Bls: 27.

- Hjálpa barninu að taka ábyrgð á eigin athöfnum með tilliti til aldurs og þroska
- Forðast valdboð og þvinganir
- Tryggja að barnið þekki dagskrána og finni til öryggis
- Grípa inn og hjálpa barninu að leiðrétta sig áður en í óefni er komið
- Hafa stjórn á eigin tilfinningum og sýna fagmennsku við lausn deilna
- Geta sett sig í spor barna við ólíkar aðstæður
- Forðast að ávíta börn fyrir framan hópinn til að niðurlægja ekki barnið²

Samstarf við foreldra

Starfsfólki frístundar hefur samskipti við foreldra á hverjum degi. Mikilvægt er að skapa góð og jákvæð samskipti og styrkja þannig samband við forráðamenn nemenda.

Mat á starfi og þróunarvinna

Starf frístundar er tekið inn í sjálfsmatsvinnu skólastofnunarinnar og unnið að því að endurmeta vetrarstarfið og leggja inn breytingar og umbætur á starfinu árlega, á starfsdögum að vori.

Umbótaáætlun er unnin fyrir komandi starfsár þar sem nokkrir þættir starfsins eru teknir fyrir og unnið með þá sérstaklega. Starf frístundar er skipulagt á starfsdögum að hausti og í janúar.

Í lok skólaársins 2022-2023 var gert ytra mat á vegum Skóla og frístundasviðs á starfi frístundar skólans og niðurstöður matsins nýttar í umbótaáætlun og skipulag starfsins undanfarin tvö ár.

Stundatafla frístundar Waldorfskólans Sólstafa

² Handbók starfsmanna frístundaheimila ÍTR. 2009. Bls: 7-8.

Alla daga vikunnar: Kl. 14:00 viðverustund fyrir 1. og 2. bekk. frjáls leikur (úti og inni) eða slökunartækifæri þar sem nemendur hvíla sig eftir skólatíma.

Kl. 14:45 Byrjar viðverustund fyrir 3-4 bekk.

Kl. 14:30-15:00 er síðdegishressing í boði í matsal skólans.

Mánudagur:

Kl. 15:15 — 16:10 frjáls leikur (úti/inni), föndur og vinnusmiðja

Þriðjudagur:

Kl. 15.15-16.10 Skipulagt hópastarf, frjáls leikur, val (úti/inni)

Miðvikudagur:

Kl. 15.15-16.10 Sögustund, frjáls leikur, hreyfing (úti/inni)

Fimmtudagur:

Kl 15.15-16.10 Skipulagt hópastarf, föndurstund og val (úti/inni)

Föstudagur:

Kl 15.15-16.10 Vinnusmiðja, leikir og val.(úti/inni)

(í maí/júní/ágúst/september er frístund mjög mikið úti og meira af frjálsum leik og náttúruskoðun)

Föndur og þemavinna tengist árstíðum, hátíðum og þemum skólans og kemur inn í reglulega vikudagskrá þegar það á við.

Í tengslum við ýmsar hátíðir skólans er oft boðið upp á sérstaka dagskrá og/eða öðruvísi hressingu.

Einnig er lagt upp með að stundum sé lestrarstund fyrir hóp, eða jóga eða tónlistarstund og þá sérstaklega í skamdegismánuðum.

Áætlun fyrir val, föndur og þemavinnu haustannar (skipt eftir mánuðum)er aðgengileg í frístund.

Mánuður	þemavinna	Frjálsvinnusmiðja	Ábyrgð
Ágúst	Sumar	útileikir og smíði (Föndur með náttúru og upplifanir)	Starfsfólk frístundar
September	Uppskeruhátíð og drekaleikir	náttúrutengsl/ frásagnir/myndlist	í samráði við waldorfkennara
Október	Haust	náttúrutengsl og frásagnir/ föndur með náttúruæfnivið/frjáls leikur.	

Nóvember	Ljós og Eldur	Ljós og galdur/Tónlist/lummubakstur Marteinsmessa / klára luktir	
Desember	Jól	Að föndra jólagjafir /jólakort/Tónlist/jólakórinn/ Lesa jólasögur	
Janúar	Vetur	Að vinna með ís og snjó/ tónlist/spila inni. Frjáls leikur.	

Áætlun fyrir val, föndur og þemavinnu vorannar (skipt eftir mánuðum) er aðgengileg í frístund.

Mánuður	þemavinna	Frjálsvinnusmiðja	Ábyrgð
---------	-----------	-------------------	--------

Febrúar	Bækur og sögur	Sögustund/yndislestur/föndur grímur/spil	Starfsfólk frístundar
Mars	Leikir og leikhús	Skapandi vinna /brúðuleikhús/ föndur/búningar /skuggaleikhús	
Apríl	Barnamenning og blóm	Skapandi verkefni/tónlist Föndursmiðjur/setja niður fræ	
Maí	Sumarhátíð undirbúningur	útileikir og útilistir/tónlist/söngur garðyrkja/gróðursetja	
Júní	Sumarvinna	Smíði, náttúruskoðun dýr og blóm/blómakransar/mandölur	

Umbótaáætlun vegna útisvæðis, frímínútnagæslu og viðveru

Fyrir skólaárið 2025-2026

Markmið 1			
Viðbrögð/aðgerðir	Ábyrgð	Tímaáætlun	Mælikvarði á árangur
Ljúka skóladegi þannig að	Umsjónarkennarar	25.ág-1.okt 2025	Betri yfirsýn yfir lok skóladags

skipting úr skóla í frístund gangi vel	1-4.bekkjjar		byrjun frístundar nemendur á yngra stigi
Markmið 2			
Viðbrögð/aðgerðir	Ábyrgð	Tímaáætlun	Mælikvarði á árangur
Halda fundi ás. skólaliðum einu sinni í mánuði. Símenntun.	Lillianne	1.nóv 25.- 6.jún 26	Starfsmenn viðveru
og deildarstjóra sérkennslu til að auka			Séu vel skipulagðir
símenntun starfsfólks og bæta skipulag			.og öruggari í agastjórnun
Markmið 3			
Viðbrögð/aðgerðir	Ábyrgð	Tímaáætlun	Mælikvarði á árangur
Vinna að sérsvæði fyrir yngstu nemendur nálægt skólabyggingu til að auka öryggi	Sigurbjörg /Alma/	15 sept 25- 1.nóv 25	Nemendur í 1.bekk séu með leiksvæði nær skólahúsinu
.			Aukið öryggi og yfirsýn
	Starfsmenn frístundar		.
	Sigurbjörg	september 2025	Starfsáætlun uppfærð
Markmið 4			
Viðbrögð/aðgerðir	Ábyrgð	Tímaáætlun	Mælikvarði á árangur
Útisvæði og eftirlit skipulagt í samræmi	Lillianne	25 ág- 1.okt 2025	Starfsfólk er með góða
Við nemendur og hópa sem þarfnast			yfirsýn yfir alla nemendur
Séraðstoðar til að hafa yfirsýn.			á þeirra ábyrgð.
			Betri félagsleg samskipti

			nemenda.
Viðbrögð/aðgerðir	Ábyrgð	Tímaáætlun	Mælikvarði á árangur